


Hafnarfjarðarbær
b/t Gunnþóra Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	7.2.2020
Málsnr:	1902456
Bréfal:	511

Reykjavík, 3. febrúar 2020
UST202001-404/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 - 2025 og breyting á deiliskipulagi - íþróttasvæði Hauka - Ásvelli

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 23. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 og breytingu á deiliskipulagi fyrir Ásvelli 1.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að breytingin gengur út á að lóðarskiki á íþróttasvæði Hauka sem er skilgreint sem íþróttasvæði verði breytt í íbúðarsvæði.

Í greinargerð deiliskipulagsbreytingarinnar kemur fram að meginbreytingar deiliskipulags eru þær að hluta lóðar vestan megin er breytt í lóð undir íbúðir annars vegar og hins vegar er fjölnota knatthús fært nyrst á lóð.

Ástjörn

Ástjörn og svæðið umhverfis hana var friðlýst árið 1978 sem friðland sbr. auglýsing nr. 189/1978. Í desember 1996 var verndarsvæðið stækkað með stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall umhverfis friðlandið sbr. auglýsing nr. 658/1996.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þar sem deiliskipulagsmörkin liggja innan friðlandsins að fjallað sé um friðlandið í tillögunni og metin áhrif tillögunnar á friðlandið.

Byggingarreitur fyrir fyrirhugað knatthús liggur á mörkum friðlandsins. Umhverfisstofnun bendir á að í gildandi reglum fyrir friðlandið segir: „*Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar*“ og bendir stofnunin á að það ætti að koma fram í tillögunni.

Áhrifasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skuli meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásynd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og

svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Að mati stofnunar þarf tillagan að fjalla á ítarlegri hátt um aðliggjand áhrifasvæði.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæðin. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að metin séu líkleg áhrif af byggingu á fyrirhuguðu knatthúsi á friðland Ástjarnar.

Lífriki

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að allar framkvæmdir vegna knatthússins verði unnar utan varptíma. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að settir séu skilmálar um hljóð- og mengunarvarnir á framkvæmdasvæðinu.

Umhverfisstofnun telur að limgerðið sem aðskilur núverandi deiliskipulagssvæði íþróttaiðkunar og friðlandi Ástjörn vera mikilvægt tól til að minnka áhrif umferðar og truflunar frá íþróttarsvæði fyrir lífríkið sem nýtur ástjörn sem búsvæði. Því þurfi að mati stofnunar að sjá til þess að limgerðið haldi sér við áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu til að takmarka áhrif á lífríkið.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið, sem breytingatillögurnar ná til, fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í báðum tillögnum og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd

auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Ásýnd

Umhverfisstofnun telur að búast megi við að mannvirki muni hafa varanleg áhrif á ásýnd svæðisins og þar af leiðandi upplifun þeirra gesta sem fara um fólkvanginn og friðlandið. Áhrif á ásýnd lands kunna að vera umtalsverð að mati stofnunar.

Gróður

Umhverfisstofnun bendir á að öll ræktun erlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500m h.y.s., sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu erlendra plöntutegunda.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 10.03 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að mannvirkjagerð vegna þróunar þéttbýlis, þ.m.t. verslunarmiðstöðvar, bílastæðasvæði, íþróttaleikvangar, háskólar, sjúkrahús og aðrar sambærilegar framkvæmdir falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

